

fangi á Ísafirði meðan þau dvöldu í Arnardal, en 32. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 hinsvegar geri 10 ára samfleytta dvöl að skilyrði fyrir sveitfesti, verður stjórnarráðið að fallast á skoðun yðar um, að sveitfestisdvölin á Ísafirði hafi slitnað við dvölinu í Arnardal. **99**
2. okt.

Því úrskurðast:

Nefnd Jónína Kristófersdóttir skal teljast sveitlæg í fæðingarhreppnum, Nauteyrrarhreppi, og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða fátækra sjóði Ísafjarðar án tafar $\frac{2}{3}$ áður nefnds kostnaðar með 20 kr.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Nauteyrrarhrepps og fátækranefnd Ísafjarðarkaupstaðar.

Brjef stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálanna útaf fyrir- 100
spurnum frá nokkrum fræðslunefndum. 5. okt.

Með brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra umsjónarmaður, fyrir hönd nokkurra fræðslunefnda, leitað úrskurðar stjórnarráðsins um eftirfarandi atriði:

1. Hvort hreppur, sem er svo stór að honum nægi ekki minna en 2 kennarar, er kenni á tveimur stöðum í hreppnum, hvor um sig í 6 mánuði, og sju tvönn fullkomin kensluáhöld til afnota, sln fyrir hvorn kennara, geti ekki átt von á styrk úr landssjóði til beggja farskólanna, alt að 200 kr. til hvors skóla, eða samtals alt að 400 kr.
2. Hvort svo beri að skilja löginn frá síðasta alþingi um breytingu á lögum um fræðslu barna frá 22. nóvbr. 1907, að allri framkvæmd laganna sje frestað til 1. jan. 1912, eða hvort fræðslunefndir hafi rjett og skyldu til að sjá um fræðslu barna og heimta til þess nauðsynlegt fje úr hreppssjóði, að barnafræðslan í hreppnum verði í því lagi, að fræðslukröfum nefndra laga verði fullnægt — einnig þar sem engin fræðslusamþykt hefir verið samin nje samþykt.
3. Hvort landssjóðsstyrkur til farkenlu í þeim sveitum, þar sem fræðslusamþykt er ekki samin, sje bundin því skilyrði, að kennararáðning sje samkvæmt fræðslulögnum og kaup kennara að minsta kosti 6 kr. um viku hverja, að kensluáhöld þau, er yfirstjórn fræðslumálanna hefir fyrirskipað, sjeu notuð við kensluna, og að kostnaður við barnafræðsluna sje greiddur úr sveitarsjóði, en ekki af aðstandendum barnanna.

Fyrirspurnum þessum svarast á þessa leið:

- Ad 1. Stjórnarráðið er yður samdóma um, að hver sjálfstæður farskóli, sem fullnægir kröfum fræðslulaganna, hafi rjett til tiltölulegs styrks úr landssjóði, alveg án tillits til þess, þótt 2 eða fleiri farskólar sjeu í sama fræðsluhjaraði.
- Ad 2. Stjórnarráðið er yður sömuleiðis samdóma um það, að breyting sú, er síðasta alþingi gerði á lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907 og hjer

100

5. okt.

skiftir máli, er í því einu fólgin að heimila frestun á samningi fræðslusamþykta tveimur árum lengur en upphaflega var ákveðið, en að framkvæmd fræðslulaganna hafi að öðru leyti ekki verið frestað. Af þessu leiðir þá það, að fræðslunefndirnar hafa bæði rjett og skyldu til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kröfum fræðslulaganna verði fullnægt, eins þar sem fræðslusamþykkt hefir ekki verið samin nje staðfest. Þær eru samkvæmt fræðslulögunum kjörnar til að hafa eftirlit með fræðslumálum hjeradsins, og á þeim hvilir ábyrgðin á því, að börnin sýni það við vorprófin, að þau hafi náð því fræðslumarki, sem lögin setja. Þær hafa því að sjálfsögðu rjett og skyldu til þess samkvæmt 30. gr. fræðslulaganna að afhenda hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, og getur hreppsnefndin ekki leitt hjá sér að veita úr hreppsjóði það fje, sem fræðslunefnd getur fært rök fyrir að nauðsynlegt sje til að fullnægja kröfum fræðslulaganna — alveg án tillits til þess, hvort fræðslusamþykkt hefir verið staðfest fyrir fræðsluhjeradið eða eigi.

- Ad 3. Samkvæmt 14. gr. B. VIII b. 2 í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911 er heimild til í þeim hjeruðum, þar sem fræðslusamþykktir hafa ekki verið settar, að veita nokkurn styrk, alt að 100 kr., til farkenslu, þótt hún uppfylli ekki allar kröfur fræðslulaganna, en til þess að geta átt von á nokkrum styrk, verða að liggja fyrir skirteini fyrir því, að farkennarinn hafi verið ráðinn af fræðslunefnd og að kensla barnanna á aldrinum 10—14 ára hafi verið kostuð af sveitarsjóði, en ekki af aðstandendum barnanna.

Þetta er yður, herra umsjónarmaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

101 Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Holtskirkju

14. okt. í Fljótum.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegri ályktun hjeradsfundarins í Skagafjarðarprófastsdæmi 17. júní 1909, skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 1. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til, að Holtskirkja í Fljótum leggist niður og skiftist sóknin milli Barðskirkju og Knappstaða, þannig, að fremstu (eða syðstu) bæirnir í hinni stækkuðu Barðssókn verði Bjarnargil austan Fljótsár en Sljetta vestan ár, en ystu bæir hinnar stækkuðu Knappstaðasóknar verði Molastaðir austan ár, en Stórabrekka vestan.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.